

Tillaga vinnuhóps á vegum mennta- og menningarmálaráðherra að

## **STEFNUMÖRKUN UM FORNLEIFARANNSÓKNIR OG MIÐLUN FORNLEIFA Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR**

### **Inngangur**

Sumarið 2008 hófst framkvæmdauppgróftur á lóðum í eigu Alþingis við Kirkjustræti og Tjarnargötu sem efnt var til vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda. Uppgrófturinn féll undir lög um opinber innkaup (Nr. 84/2007) og var boðin út samkvæmt ákvæðum þeirra laga. Í útboðsgögnum var tekið fram að ef í ljós kæmu mannvirki frá elstu byggð í Reykjavík myndi verða tekin afstaða til þeirra minja sérstaklega og aðgerðir sem ákveðið yrði að fara í þeirra vegna væru ekki hluti af útboðinu.

Við uppgróftinn komu í ljós umfangsmiklar minjar frá upphafi byggðar í Reykjavík. Fornleifavernd ríkisins ákvað í samráði við Alþingi að þær skyldu ekki rannsakaðar að fullu en þess í stað hugað að möguleikum á varðveislu þeirra á staðnum. Haustið 2009 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra vinnuhóp til að gera tillögur að stefnu um framhald fornleifarannsókna á Alþingisreit og næsta nágrenni og um varðveislu og sýningu á þeim fornleifum sem þegar höfðu fundist. Hópurinn taldi nauðsynlegt að endurmeta fyrirkomulag rannsóknarinnar og jafnframt var talið miklægt að rannsóknarsvæðið yrði látið ná til alls bæjarstæðis Reykjavíkurbæjarins eins og það var fram á 18. öld.

Vinnuhópurinn lagði til að næsti áfangi uppgráftarins á lóðum Alþingis yrði endurskilgreindur sem rannsókn sem nyti faglegs stuðnings rannsóknar- og minjastofnana ríkis og borgar.<sup>1</sup>

Í mars sl. skipaði Mennta- og menningarmálaráðherra annan vinnuhóp til að halda áfram starfi að stefnumörkun um fornleifarannsóknir í miðbæ Reykjavíkur og fylgir hún hér að aftan.

## TILLAGA AÐ STEFNUMÖRKUN

### Svæðið

Rannsóknarsvæðið nær til þess hluta miðbæjarins sem ætla má að geymi ummerki byggðar í Reykjavík allt fram á 18. öld. Á meðfylgjandi uppdrætti eru mörk þess sýnd en þó skal áréttað að afmörkun svæðisins verður endurmetin ef minjar um Reykjavíkurbæinn finnast utan þeirra.

Rannsóknarsvæðinu verður skipt í minni svæði samkvæmt eignarhaldi lands og lóða, svo og notkun þeirra.

Talið er að minjar frá frá skilgreindu tímabili finnist á eftirtöldum stöðum:

- Á lóð Alþingis við Kirkjustræti. Ljúka þarf rannsókn þar.
- Í götustæði Tjarnargötu, Kirkjustrætis og Vonarstrætis, sem liggja að lóð Alþingis.
- Á lóð Hapadrættis Háskóla Íslands Tjarnargötu 6 og 8.
- Í götustæði Suðurgötu og Vonarstrætis, og á lóðum Suðurgötu 3 og 5.
- Í Fógetagarðinum við Aðalstræti, þar sem er að finna kirkjustæði Víkurkirkju.
- Götu- og gangstéttarstæði á mótum Tjarnargötu, Kirkjustrætis, Aðalstrætis og Túngötu.
- Í kjallara í húsi Hjálpræðishersins við Kirkjustræti. Þegar húsið var byggt árið 1916 var komið niður á mannvistarleifar.
- Á lóðinni Suðurgata 2, þar sem nú er bílastæði.
- Lóðirnar við Suðurgötu 4-10. Neðst (austasti hluti lóða).
- Á sunnanverðu Ingólfstorgi og í götustæði Vallarstrætis og á lóðum við Vallarstræti. Vitað er að komið var niður á minjar þegar grunnur var tekinn fyrir Aðalstræti 9.
- Í götu- og gangstéttarstæði fyrir framan Aðalstræti 10 og 12.



Brúna línan á kortinu afmarkar bæjarstæði Reykjavíkurbæjarins og svarta brotna línan nærsvæði bæjarstæðisins. Á kortinu má einnig sjá staðsetningu minja sem grafnar hafa verið upp á bæjarstæði Reykjavíkurbæjarins og tímasettar eru til víkingaaldar. Línurnar, rauð, gul og græn sýna strandlínu Tjarnarinnar á mismunandi tímum. Sú gula sýnir strandlínuna árið 1836, sú græna 1887 og sú rauða 1902. Minjasafn Reykjavíkur/Anna Lísu Guðmundsdóttir.

## **Fornleifarannsókn**

Meginmarkmið heildarrannsóknarinnar er að varpa ljósi á þróun mannvistar í Reykjavík frá upphafi búsetu til 18. aldar.

Allur uppgröftur á svæðinu verður skilgreindur sem hluti af heildarrannsókn á bæjarstæði gamla Reykjavíkurbæjarins og hámarkskröfur gerðar um skipulag og aðferðir við hana. Niðurstöður einstakra rannsókna skulu felldar að meginmarkmiðum heildarrannsóknarinnar.

## **Framkvæmdauppgreftir**

Ef fyrirhugaðar eru framkvæmdir á rannsóknarsvæðinu sem kalla á framkvæmdauppgrefti skulu þeir skipulagðir sem hluti af þeirri heildarrannsókn sem hér er lýst og um þá gilda sömu kröfur. Skyldur lóðaeiganda til að kosta framkvæmdauppgrefti fara eftir lögum og reglum þar að lútandi, sbr. Þjóðminjalög nr. 107/2001.

## **Yfirstjórn rannsókna og fagleg stjórn**

Fyrirkomulag, stjórnun og önnur framkvæmd uppgrafta og rannsókna skal lúta þjóðminjalögum nr. 107/2001. Heildarrannsóknin skal kostuð af almannafé og framkvæmdaaðilum. Einnig skal leitast við að afla tekna til hennar með öðrum hætti.

Rannsóknin lýtur þriggja manna stjórn sem skipuð er af stjórnvöldum. Menntamálaráðherra skipar einn fulltrúa, borgarstjóri skipar annan fulltrúa og forseti Alþingis skipar þann þriðja. Hlutverk stjórnar er að vinna að framgangi fornleifarannsókna í miðbæ Reykjavíkur og að afla þeim stuðnings og fjármagns. Stjórnin skal fylgja eftir útgáfu og miðlun niðurstaðna.

Skipað verði fimm manna fagråd. Hlutverk fagráðsins er að vera vettvangur faglegrar umræðu um fornleifarannsóknir í miðbæ Reykjavíkur. Það er bakhjarl stjórnenda fornleifarannsókna á svæðinu. Leitast skal við að fulltrúar ráðsins hafi þekkingu á sviði fornleifafræði, sagnfræði eða skyldra fræðigreina.

Fornleifavernd ríkisins skipar einn fagráðsmanna, þjóðminjavörður skipar annan, menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkur að fenginni tillögu borgarminjavarðar þann þriðja, Háskóli Íslands þann fjórða og Menntamálaráðherra skipar þann fimmta sem jafnframt er formaður.

Fagråd skilgreinir rannsóknarmarkmið og alla áfanga rannsóknarinnar í samráði við stjórnendur þeirra og tryggir að þeir falli að kröfum um þær aðferðir sem samþykktar hafa verið af Fornleifavernd ríkisins.

## Túlkun og miðlun á niðurstöðum

Rannsóknin verður kynnt og niðurstöðum hennar miðlað til almennings jafnharðan og meðan á henni stendur. Hún verður því gerð eins sýnileg og kostur er og leitast verður við að laða gesti að henni.

Stefnt verður að því að í miðbæ Reykjavíkur verði gerð vegleg sýning um fornleifar á bæjarstæði Reykjavíkurbæjarins og að þegar fram líða stundir tengist sýningarskáli Alþingis Landnámssýningunni Reykjavík 874 +/-2 í Aðalstræti 16.

## Lokaorð

Á bæjarstæði gamla Reykjavíkurbæjarins hafa fundist merkar minjar um búsetu manna. Elstu fornleifarnar eru frá þeim tíma er Ísand var fyrst numið. Talið er víst að á svæðinu leynist enn mikilsverðar minjar undir yfirborði. Á komandi árum og áratugum munu svæði innan gamla bæjarstæðisins verða rannsökuð um leið og þar munu rísa ný mannvirki eða vegna þess að ákveðið verður að rannsaka þau. Rannsóknirnar verða unnar af ólíkum hópum fornleifafræðinga við ólíkar aðstæður. Starfshópurinn álitur mikilvægt að litið verði á þessar fornleifarannsóknir sem hluta af heildarrannsókn á bæjarstæðinu. Til að auðvelda að svo megi verða er það tillaga starfshópsins að einum aðila verði falin framkvæmdastjórn rannsóknarinnar. Þá verði komið á fagráði sem er ætlað að vera bakhjarl stjórnenda mismunandi fornleifarannsókna á svæðinu. Þessir aðilar munu fylgja heildarrannsókninni eftir frá upphafi til enda óháð því hvenær einstakir hlutar hennar koma til framkvæmda eða hvaða vísindamenn annast þær.

Kristinn Magnússon deildarstjóri Fornleifavernd ríkisins

Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður

Karl M. Kristjánsson aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis

Hjörleifur Stefánsson formaður húsafriðunarnefndar

Steinunn Kristjánsdóttir dósent í fornleifafræði við Þjóðminjasafn Íslands og Háskóla Íslands

---

<sup>i</sup> Tillaga vinnuhóps dags. 6. nóvember 2009, s. 16.